


# KJARATÖLFRAEÐI

Haustskýrsla 2023



Efnahagsmál

Kjarasamningar

Launabróun

# KJARATÖLFRÆÐI

haustskýrsla 2023

**Hrafnhildur Arnkelsdóttir**

formaður

**Einar Mar Þórðarson**

fjármála- og efnahagsráðuneyti

**Helgi Aðalsteinsson**

Samband íslenskra sveitarfélaga

**Henný Hinz**

forsætisráðuneyti

**Hildur Erna Sigurðardóttir**

Hagstofa Íslands

**Oddur S. Jakobsson**

Kennarasamband Íslands

**Ólafur Garðar Halldórsson**

Samtök atvinnulífsins

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**

BSRB

**Svanhvít Yrsa Árnadóttir**

félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

**Vilhjálmur Hilmarsson**

Bandalag háskólamanna

**Þórir Gunnarsson**

Alþýðusamband Íslands

**Arnaldur Sölvi Kristjánsson**

Vinna við skýrslu

**Kristín Jóna Þorsteinsdóttir**

Umbrot

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
<b>1 Efnahagsmál.....</b>	<b>6</b>
1.1. Þróun landsframleiðslu á samningstímabilinu .....	6
1.2. Verðlag.....	9
1.3. Vinnumarkaður.....	13
1.4. Fjárhagsstaða heimila.....	17
1.5. Afkoma hins opinbera .....	19
1.6. Atvinnugreinar og samkeppnishæfni.....	21
<b>2 Umgjörð kjarasamninga á Íslandi .....</b>	<b>26</b>
2.1. Íslenskur vinnumarkaður.....	26
2.2. Heildarsamtök á vinnumarkaði.....	27
<b>3 Laun og launapróun.....</b>	<b>34</b>
3.1. Launapróun eftir mörkuðum .....	34
3.2. Kaupmáttur launa.....	37
3.3. Vægi markaða og heildarsamtaka .....	37
3.4. Launapróun eftir mörkuðum og heildarsamtökum .....	39
3.5. Launastig fullvinnandi eftir mörkuðum og heildarsamtökum .....	41
3.6. Samsetning launa fullvinnandi eftir mörkuðum og heildarsamtökum.....	43
3.7. Kjarasamningar 2019-2022 .....	45
<b>4 Laun eftir heildarsamtökum.....</b>	<b>51</b>
4.1. ASÍ.....	51
4.2. BHM .....	55
4.3. BSRB.....	58
4.4. KÍ.....	60
Viðauki I: Gögn um laun og launapróun .....	68
Viðauki II: Skilgreining helstu launa- og tekjuhugtaka .....	70

## Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá forsætisráðuneyti, félags- og vinnumálamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands. Með nefndinni var stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu talnaefnis um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga. Þessi skýrsla er sjöunda skýrsla nefndarinnar og markmið hennar eins og fyrri skýrslna nefndarinnar er að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og leggur til fundar- og starfsaðstöðu. Nefndin fjallar um gögn sem liggja til grundvallar kjarasamningagerð á hverjum tíma og eru grundvöllur fyrir launamyndun á vinnumarkaði. Nefndin tekur engan beinan þátt í kjarasamningum og breytir ekki hlutverkum eða stöðu þeirra aðila sem að nefndinni standa. Kjaratölfræðinefnd gefur út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti.

Að þessu sinni skiptist skýrslan í þrjá meginkafla sem fjalla um efnahagsmál, kjarasamninga gerða í yfirstandandi kjaralotu, launaþróun og launastig sem flokkað er eftir heildarsamtökum launafólks og atvinnurekendum með umfjöllun um kjarasamninga 2019-2022. Í skýrslunni er áhersla lögð á yfirstandandi kjaralotu og miðað við að upphaf hennar sé nóvember 2022. Flestir kjarasamningar á opinberum markaði gilda frá 1. apríl 2023 og komu hækkanir því seinna fram en á almennum markaði. Ítarlegt talnaefni um laun og launaþróun má finna í gagnasafni á vef kjaratölfræðinefndar, <https://www.ktn.is/gagnasafn-og-fleira>

Kjaratölfræðinefnd vinnur náið með Hagstofu Íslands og er starfsfólki hennar þakkað gott samstarf við undirbúning skýrslunnar. Enn fremur er Gísla Má Gíslasyni Hagstofu Íslands þökkuð aðkoma að gerð skýrslu í fjarveru Hildar Ernu Sigurðardóttur.

## 1.

## Efnahagsmál


## 1.1. Þróun landsframleiðslu á samningstímabilinu

Á Íslandi jókst verg landsframleiðsla um 7,2% árið 2022 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Hagvöxtur á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2023 var að meðaltali 4,3%. Hagvöxtur á mann var minni vegna mikillar fólksfjölgunar, eða 4,6% árið 2022 og 0,9% á fyrstu þremur ársfjórðungum 2023.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáði í október 2022 að hagvöxtur á heimsvísu yrði minni árin 2023 og 2024 en árið 2022. Seðlabankar helstu viðskiptalanda Íslands hafa hækkað vexti umtalsvert og eru spár um minni hagvöxt meðal annars raktar til vaxtahækkana. Þá dró verðbólga úr kaupmætti ráðstöfunartekna á alþjóðavísu sem einnig dregur úr neyslu.

Hagvaxtaspár fyrir Ísland sem gerðar voru seinni hluta 2023 eru hóflegri en á fyrri hluta ársins.<sup>1</sup> Breytinguna má meðal annars rekja til þess að innlend eftirspurn óx minna en spáð var en á móti vegur að útlit er fyrir hagstæðari utanríkisviðskipti.

Mynd 1.1. Verg landsframleiðsla og verg landsframleiðsla á mann. Vísitalur (2019=100) (vinstri), Magnbreyting frá fyrra ári (hægri).




Skýringar: Tölur fyrir 2023 eru fyrri helmingur ársins. Heimild: Hagstofa Íslands.

<sup>1</sup> Í nóvember 2023 spáði Seðlabanki Íslands því að hagvöxtur verði 3,7% árið 2023 og 2,6% árið 2024. Það er lægra en spár Seðlabankans frá maí 2023. Í nóvember spáði Hagstofa Íslands því að hagvöxtur verði 3,6% árið 2023 og 2,1% árið 2024. Þessar spár eru lægri en spár sem birtar voru fyrr á árinu.

Í samanburði við Norðurlöndin og Evrópu var hagvöxtur nokkuð mikill á Íslandi síðustu ár. Hins vegar dróst landsframleiðsla meira saman hér á landi í heimsfaraldrinum en á hinum Norðurlöndunum. Önnur mynd birtist þegar tekið er tillit til mikillar fólksfjölgunar á Íslandi. Á hinum Norðurlöndunum var landsframleiðsla á mann árið 2022 orðinn meiri en árið 2019 en landframleiðsla á mann hér á landi var árið 2022 enn undir því sem hún var 2019.<sup>2</sup>

**Mynd 1.2. Alþjóðlegur samanburður landsframleiðslu (vinstri) og landsframleiðslu á mann (hægri).**




Skýringar: Tölur fyrir árið 2023 eru fyrir fyrri helming árs. Heimild: OECD

Miklar sveiflur í efnahagslífi héraendis síðustu ár má að miklu leyti rekja til áhrifa heimsfaraldursins, ekki síst á ferðapjónustu. Samdrátt landsframleiðslu árið 2020 má að stóru leyti rekja til utanríkisviðskipta þegar útflutningur dróst meira saman en innflutningur. Samhliða því sem dregið var úr ráðstöfunum vegna faraldursins á síðasta ári jókst útflutningur töluvert, þegar ferðapjónustan tók við sér á ný, en á móti vó að innflutningur jókst einnig. Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar í fyrra var 0,5 prósentustig. Helsti drifkraftur hagvaxtar 2022 var einkaneysla, sem jókst um 8,5% árið 2022, en þann vöxt má að hluta rekja til aukins mannfjölda, einkum vegna fjölgunar innflytjenda, aukins kaupmáttar heimila árin 2020-2021 og uppsafnaðs sparnaðar hjá heimilum á tímabili heimsfaraldurs.

Þegar horft er til framlags einstakra atvinnugreina til hagvaxtar má sjá að framlag ferðapjónustunnar var 3,5 prósentustig árið 2022, eða tæpur helmingur hagvaxtarins í fyrra. Sveiflur í ferðapjónustu birtast í fjölda ferðamanna. Erlendir ferðamenn sem komu til landsins síðustu tólf mánuði eru enn aðeins færri en árið 2019 en fjöldi gistinátta er heldur meiri en árið 2019. Það bendir til þess að ferðamenn dvelji nú lengur. Ferðamenn eyða nú meira en þeir gerðu fyrir heimsfaraldurinn.

<sup>2</sup> Landsframleiðsla á mann er yfir því sem hún var árin 2017 og fyrr.

**Mynd 1.3. Hagvöxtur og framlag undirliða, vöxtur vergrar landsframleiðslu samkvæmt ráðstöfunaruppgjöri (vinstri) og vöxtur vergra þáttatekna samkvæmt framleiðsluuppgjöri (hægri).**




Skýringar: Tölur fyrir árið 2023 eru vegna fyrri helming árs 2023. Skýring á atvinnugreinaflokkun: Iðnaður og byggingarstarfsemi: B til F (fyrir utan fiskvinnslu). Þjónusta án ferðaþjónustu: J+K+L+M+S95. Ferðaþjónusta: H+I+N. Heild og smásöluverslun: G. Sjávarútvegur: A03+Fiskvinnsla. Annað (ekki sýnt á mynd): A (fyrir utan A03)+R+S(fyrir utan S95)+T+U+O+P+Q. Heimild: Hagstofa Íslands.

Viðskiptakjör, þ.e. hlutfall útflutningsverðs og innflutningsverðs, sveifluðust töluvert gegnum heimsfaraldurinn. Þegar litið er til útflutnings- og innflutningsverðs, má sjá að batnandi viðskiptakjör mátti rekja til hratt hækkandi verðs á útflutningi sem skýrist að stórum hluta af breytingum á álverði, m.a. vegna óvissu um framboð í kjölfar innrásarstríðs Rússlands í Úkraínu. Versnandi viðskiptakjör eftir mitt árið 2022 má einkum rekja til hækkandi innflutningsverðs sem skýrist af hækkandi heimsmarkaðsverði fremur en gengisbreytingum.



**Mynd 1.4. Vísitala viðskiptakjara, innflutningsverð og útflutningsverð, 2019-2023 (1. ársfjórðungur 2019=100). Brottfarir erlendra farþega og gistinætur, 12 mánaðar uppsafnaður fjöldi í milljónum króna (hægri).**




Skýringar: Í tölu um brottfarir erlendra farþega eru flestir skiptifarþegar ekki meðtaldir. Tölur um gistinætur ná yfir alla gistaði sem skráðir eru í gistináttagrunni Hagstofu Íslands. Tjaldsvæði eru talin með í gagnagrunninum. Gistirými skráð á Airbnb og aðrar sambærilegar vefsíður og gistinætur erlendra ferðamanna sem ekki er greitt sérstaklega fyrir byggir á áætlunum. Heimildir: Seðlabanki Íslands (vinstri), Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa (hægri).

## 1.2. Verðlag

Ársverðbólgan lækkaði úr 10,2% í febrúar á þessu ári í 7,6% þegar lægst var í júlí. Það er mesta verðbólga síðan 2009. Í nóvember spáði Seðlabanki Íslands að verðbólga myndi lækka hægt á næstu misserum. Samkvæmt spánni fer verðbólga undir 5% í lok árs 2024. Seðlabankinn spáir hægari lækkun á verðbólgu samanborið við spána frá því í ágúst, m.a. vegna þess að spennan í þjóðarbúinu reyndist meiri en áður var talið og að gengi krónunnar hefur veikst. Enn varar Seðlabankinn þó við því að hætta sé á að verðbólga verði meiri en spá bankans gerir ráð fyrir.

Þegar litið er til undirliða verðbólgunnar má einkum rekja lækkun á verðbólgu síðasta árið til minni hækkana á húsnæði og lækkunar bensínverðs. Dregið hefur úr framlagi húsnæðisverðs til verðbólgunnar enda dró úr hækkun húsnæðisverðs á síðustu tólf mánuðum. Á móti komu áhrif vegna hækkana á innfluttum vörum, þjónustu og ýmsum öðrum liðum.

**Mynd 1.5. Ársvöxtur vísitölu neysluverðs með og án húsnæðisverðs, 2019-2023 (vinstri), og framlag undirlíða til verðbólgu (hægri).**




Skýringar: \*Án áfengis, tóbaks og bensíns, \*\*Án búvöru og grænmetis. Heimild: Hagstofa Íslands.

Húsnæðisverð hækkaði töluvert árin 2021 og 2022. Ársþækkun húsnæðisverðs náði hámarki í júlí 2022 þegar hún nam 24,5%. Síðan dró úr vexti húsnæðisverðs og nam ársþækkunin 1,7% í september síðastliðnum og var raunverð húsnæðis í september 2023 5,8% lægra en það var ári áður. Húsnæðisverð á landsbyggðinni hækkar hraðar en á höfuðborgarsvæðinu og var 8% herra í ágúst 2023 en á sama tíma árið áður. Á Norðurlöndunum hefur raunverð húsnæðis lækkað töluvert árið 2022 og það sem af er árinu 2023 og má þar t.a.m. nefna að í Svíþjóð var raunverðið á fyrst ársfjórðungi 2023 um 20% lægra en það var ári áður.

Hægt hefur nokkuð á íbúðamarkaði undanfarið. Útgefnum kaupsamningum fækkaði nokkuð frá því mest var árið 2021, íbúðum til sölu fjölgar, meðalsölutími lengist og dró úr hlutfalli íbúða sem seljast yfir ásettu verði. Þessa þróun má m.a. rekja til hærri vaxta og hertra lánþegaskilyrða. Þrátt fyrir minni umsvif á íbúðamarkaði eru skv. Seðlabanka Íslands enn mikil umsvif á byggingarmarkaði. Fullbúnum íbúðum fjölgaði töluvert síðustu ár og áfram það sem af er árinu og að mati Seðlabankans benda flestar vísbendingar til þess að ekki sé tekið að hægja á í byggingariðnaði.

Ársþækkun leiguverðs hefur sveiflast frá 6-10% síðan í ársbyrjun 2022. Í september var ársþækkun leiguverðs 6,6% en þegar tekið er tillit til verðlagsbreytinga er leiguverð 1,3% lægra en fyrir ári síðan. Vísitala leiguverðs byggir á þinglýstum leigusamningum og ber að hafa í huga að einungis hluti leigusamninga er þinglýstur.

**Mynd 1.6. Ársþækkun á raunverði húsnæðis, 1. ársfjórðungur 2019 til 1. ársfjórðungs 2023 (vinstri) og ársþækkun húsnæðis- og leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu, janúar 2019 - ágúst 2023 (hægri).**



Heimildir: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Þó dregið hafi úr verðbólgu síðan í febrúar hafa verðbólguvæntingar ekki fylgt sömu þróun að undanförunu. Verðbólguvæntingar markaðsaðila til næstu ára hækkuðu lítillega það sem af er árinu. Annar mælikvarði á verðbólguvæntingar er mismunur á óverðtryggðum og verðtryggðum vöxtum á skuldabréfamarkaði. Álagið til fimm ára hækkaði í ár en álagið til tíu ára lækkaði. Allir mælikvarðar á væntingar um verðbólgu eru nokkuð yfir verðbólgu markmiði Seðlabankans. Seðlabanki Íslands fylgist grannt með verðbólguvæntingum við vaxtaákvæðanir þar sem væntingar geta haft áhrif á þróun verðbólgu.

Verðbólga hækkaði víðast hvar í kjölfar heimsfaraldurs og stríðsátaka á árinu 2022 en hefur farið lækkanði það sem af er ári, einkum vegna lækkunar á orkuverði. Verðbólga hér á landi var minni en í mörgum helstu viðskiptalöndum á árinu 2022 en hefur gengið hægar niður og er nú hærri en t.d. á hinum Norðurlöndunum, evrusvæðinu og í Bandaríkjunum.


Stýrivextir hafa farið stigvaxandi síðastliðin tvö ár en þeir voru 0,75% í maí árið 2021 og eru nú 9,25% síðan í ágúst 2023. Í síðustu yfirlýsingu peningastefnunefndar frá nóvember 2023 segir að þótt áhrif vaxtahækkana undanfarinna missera séu að koma skýrar fram bendi verri verðbólguhorfur til þess að peningastefnunefnd gæti þurft að hækka vexti enn frekar. Peningastefnunefnd ákvað þrátt fyrir það að halda vöxtum óbreyttum að sinni í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um efnahagsleg áhrif jarðhræringa á Reykjanesi. Einnig kom

fram að nefndin muni í komandi vaxtaákvörðunum horfa sérstaklega til þróunar efnahagssumsvifa, verðbólgu og verðbólguvæntinga. Samkvæmt könnun Seðlabanka Íslands búast markaðsaðilar við því að stýrivextir taki að lækka í byrjun næsta árs.<sup>3</sup>

Langtímavextir hafa hækkað minna en stýrivextir. Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa hækkaði um tæplega 5 prósentustig frá fyrri hluta 2020 þegar vextir voru í lágmarki. Síðan hefur ávöxtunarkrafan lækkað um eitt prósentustig. Vextir íbúðalána hækkuðu einnig á tímabili stýrivaxtahækkana þó þeir hafi hækkað heldur minna en stýrivextir.

Stýrivextir leiðréttir fyrir verðbólgu, raunstýrivextir, voru neikvæðir árin 2021 og 2022 á Íslandi og hjá seðlabönkum helstu viðskiptalanda Íslands. Við neikvæða raunstýrivexti er verðbólga hærri en stýrivextir. Raunstýrivextir eru alla jafna taldir betri mælikvarði en sjálfir stýrivextirnir á það hvort stýrivextir seðlabanka hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á verðbólgu. Stýrivaxtahækkunar og lægri verðbólga síðan á seinni hluta 2022 leiddu víða til hærri raunstýrivaxta. Á Íslandi hækkuðu raunstýrivextir einkum vegna hækkunar á stýrivöxtum. Í Bandaríkjunum eru stýrivextir nú 5,5% og 9,25% á Íslandi en þar sem verðbólga á Íslandi er mun meiri en í Bandaríkjunum eru raunstýrivextir í kringum 2% bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum.

**Mynd 1.7. Alþjóðlegur samanburður á verðbólgu mælt með samræmdri vísitölu neysluverðs (vinstri) og raunstýrivöxtum (hægri).**



Skýringar: Raunstýrivextir er stýrivextir leiðrétt fyrir verðbólgu. Heimild: Hagstofa Íslands (vinstri) og Seðlabanki Íslands (hægri).

<sup>3</sup> Væntingar markaðsaðila byggir á könnun Seðlabanka Íslands.

### 1.3. Vinnumarkaður

Heildarfjöldi starfandi dróst saman við upphaf heimsfaraldursins, en jókst á ný frá ársbyrjun 2021. Mest var tólf mánaða aukning á fjölda starfandi um 10%. Í sögulegu samhengi er það mikil fjölgun. Þó að dregið hafi úr fjölgar fólki á vinnumarkaði enn nokkuð hratt.

Megnið af fjölgun starfandi síðustu tvö árin skýrist af erlendu starfsfólki. Hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði er nú það mesta nokkru sinni. Má rekja 60% af fjölgun starfandi frá 2019 til innflytjenda.

Fjölgun starfandi á síðasta ári var mest á meðal fólks í einkennandi greinum ferðapjónustu. Starfandi í þeim atvinnugreinum fjölgaði um 27% frá 2021 til 2022 á sama tíma og heildarfjöldi starfandi á vinnumarkaði jókst um 7%. Á síðasta ári störfuðu þó enn færri í einkennandi greinum ferðapjónustu en árin fyrir heimsfaraldurinn.

Eftir heimsfaraldur jókst eftirspurn í hagkerfinu mikið. Samhliða því var mikil fjölgun aðfluttra umfram brottflutta. Það leiddi til þess að í fyrra fjölgaði íbúum um 3,1% sem er mesta fjölgun íbúa á stöku ári frá upphafi mælinga árið 1703. Á fyrri helmingi þessa árs fjölgaði íbúum landsins um 3,5% frá sama tíma í fyrra.


Mestu sveiflur hafa verið í fjölda starfandi í ferðapjónustu síðustu árin í samanburði við aðrar atvinnugreinar. Störfum fækkaði töluvert árið 2020 en fjölgaði svo töluvert árið 2022 og fyrri hluta 2023, eða um samtals 10 þúsund. Hjá hinu opinbera hefur fjölgun starfandi verið nokkuð stöðug síðustu árin. Frá 2019 hefur störfum hjá hinu opinbera fjölgað um samtals 7 þúsund. Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta en hluti atvinnurekstrar í þessum greinum er þó á höndum einkaaðila. Hlutur opinberra starfsmanna á vinnumarkaði, það sem af er árinu 2023, er sambærilegur því sem hefur verið síðustu áratugi.<sup>4</sup>

Skráð atvinnuleysi, hjá Vinnumálastofnun, var 2,9% í ágúst. Það er hálfu prósentustigi minna en á sama tíma árinu áður. Eftir hraða aukningu atvinnuleysis árið 2020 dró hratt úr því fram á mitt ár 2021 og hefur sú þróun haldið áfram en hægar þar sem atvinnuleysi er með minnsta móti. Mælt atvinnuleysi, samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands, hefur haldist nokkuð stöðugt í kringum 3,5% frá miðju síðasta ári.

<sup>4</sup> Hér er miðað við fjölda í starfandi í aðalstarfi skv. skráargögnum og fjölda vinnustunda skv. þjóðhagsreikningum í atvinnugreinunum opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta. Það sama á við um fjölda starfandi í aðalstarfi skv. skráargögnum í opinberum fyrirtækjum, ríkisstofnunum, stofnunum sveitarfélaga og öðrum opinberum stofnunum. Á vinnumarkaði eru 23% í hlutastarfi, í framangreindum atvinnugreinum eru 34% í hlutastarfi, skv. vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar.


Árstíðaleiðrétt atvinnuþátttaka fór lægst í 76,1% á fjórða ársfjórðungi árið 2020. Eftir það jókst hún jafnt og þétt og var 81,0% á þriðja ársfjórðungi 2023. Atvinnuþátttaka á Íslandi er mikil í alþjóðlegum samanburði. Árið 2022 var atvinnuþátttaka mest á Íslandi af öllum ríkjum OECD.

**Mynd 1.8. Atvinnuleysi (efst til vinstri), breyting í fjölda starfandi sem 12 mánaða vöxtur á árstíðarleiðréttri leitni (efst til hægri), atvinnuþátttaka sem árstíðarleiðrétt leitni (neðst til vinstri) og hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði árin 2019-2023 (neðst til hægri).**




Skýringar: Skráð atvinnuleysi skv. Vinnumálastofnun og mælt atvinnuleysi úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar (árstíðaleiðrétt leitni).

**Mynd 1.9. Fjöldi starfandi 16-74 ára í aðalstarfi (óháð starfshlutfalli) samkvæmt skráum í þúsundum eftir atvinnugreinum, breyting frá fyrra ári (vinstri) og uppsöfnuð breyting frá 2019 til fyrstu þriggja ársfjórðunga 2023 (hægri).**



Skýringar: \*Fyrstu þrjú ársfjórðungar 2023. Ferðapjónusta: einkennandi greinar ferðapjónustu. Hið opinbera er opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta. Starfandi samkvæmt skráum eru talningar á einstaklingum úr mánaðarlegum staðgreiðslu- og mannföldagögnum. Einstaklingar eru skilgreindir sem starfandi ef þeir höfðu tekjur af staðgreiðsluskyldri atvinnu sem samsvarar einni klukkustund á viku. Heimild: Hagstofa Íslands.

**Mynd 1.10. Atvinnuþátttaka, alþjóðlegur samanburður, 2022.**



Heimild: OECD.

Upplýsingar um fjölda lausra starfa og ráðningaráform stjórnenda gefa til kynna að spennu ríki á vinnumarkaði en að dregið hafi úr þeirri spennu síðustu mánuði.


Samkvæmt starfaskráningu Hagstofu Íslands hjá lögaðilum voru um 6.800 laus störf á þriðja ársfjórðungi 2023. Það eru 2.300 færri laus störf borið saman við sama tíma árinu áður. Lausum störfum fækkaði yfir árið 2022 en fjöldi þeirra hefur verið stöðugur árið 2023.

Það sem af er 2023 voru atvinnulausir fleiri en laus störf. Mælikvarði á spennu á vinnumarkaði er hlutfall á milli lausra starfa og atvinnulausra. Við hlutfall yfir einum eru færri á vinnumarkaði en fylla laus störf. Hlutfallið var í kringum 0,9 síðustu þrjá ársfjórðunga og var mest á bilinu 1,2-1,4 á síðasta ári.

Stjórnendur fyrirtækja áforma fjölgun starfsfólks á næstunni skv. könnun Gallup á viðhorfi 400 stærstu fyrirtækja landsins. Tæplega 40% stjórnenda hyggjast fjölga starfsfólki en einungis 8% fækka. Hlutfall stjórnenda sem hyggjast fjölga starfsfólki jókst lítillega á milli annars og þriðja ársfjórðungs 2023.

Rúmur þriðjungur (36%) stjórnenda telja vera skort á starfsfólki á þriðja ársfjórðungi 2023. Þetta hlutfall hefur lækkað jafnt og þétt í þrjá ársfjórðunga í röð. Í sögulegu samhengi er hlutfallið þó enn hátt.

**Mynd 1.11. Laus störf, 1. ársfjórðungur 2019 til 3. ársfjórðungs 2023 (vinstri) og árstíðarleiðrétt framboð vinnuafis, 1. ársfjórðungur 2006 til 2. ársfjórðungs 2023 (hægri).**



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.




## 1.4. Fjárhagsstaða heimila

Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann breyttist lítið á milli 2021 og 2022. Þráttfyrirlaun á mann hafi samkvæmt tekjuskiptingaruppgjöri ársins 2022 aukist um 13% leiddu verðhækkanir og hækkunir á vaxtagjöldum heimila til þess að kaupmáttur minnkaði lítillega. Á fyrri helmingi þessa árs dróst kaupmáttur ráðstöfunartekna saman um 2,7% miðað við fyrri helming 2022. Laun á mann hækkuðu um 8,6% á fyrri helming 2023 en á móti var há verðbólga þannig að kaupmáttur á mann minnkaði.

Ráðstöfunartekjur heimila eru allar tekjur heimila (laun, eignatekjur, lífeyrir o.fl.) að frádregnum gjöldum (vaxtagjöld, skattar o.fl.). Þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna skýrist því af fleiri þáttum en þróun kaupmáttar launa. Í fyrra var kaupmáttur launa óbreyttur á milli ára og á fyrstu þremur ársfjórðungum fyrri helming 2023 jókst kaupmáttur launavísitölunnar um 0,8%. Aðrir þættir vógu á móti sem olli því að kaupmáttur ráðstöfunartekna minnkaði á fyrri hluta ársins. Miðað við nýjustu hagspá Hagstofu Íslands má búast við að verðlag hækki um ríflega 2% á seinni hluta 2023. Því kann kaupmáttur ráðstöfunartekna að minnka enn meira.

Síðustu ár jukust eignir og tekjur heimilanna umfram skuldir. Sú þróun var áfram árið 2022 þegar raunvirði fasteigna jókst og skulda minnkaði.

Mynd 1.12. **Breyting á milli ára á kaupmætti ráðstöfunartekna á mann og kaupmætti launavísitölu, 2014-2022 (vinstri) og skuldir heimila sem % af eignum og ráðstöfunartekjum, 2014-2022 (hægri).**



Skýringar: \*Kaufmáttur launavísitölunnar: fyrstu þrjú ársfjórðungar. Kaufmáttur ráðstöfunartekna: fyrstu tveir ársfjórðungar.. Kaufmáttur ráðstöfunartekna byggir á tekjuskiptingaruppgjöri þjóðhagsreikninga. Það mælir tekjur allra heimila að frádregnum allra útgjalda deilt á fjölda íbúa og leiðrétt fyrir verðbólgu. Kaufmáttur launavísitölunnar byggir á launavísitölu, leiðrétt fyrir verðbólgu. Eignir og skuldir byggja á skattframtölum. Heimild: Hagstofa Íslands.

Hlutfall heimila í eigin húsnæði með íþyngjandi húsnæðiskostnað hólst að mestu óbreytt á milli 2012 og 2021 en var nokkuð hærra árin 2006-2011. Árið 2022 voru einungis 1,1% heimila í eigin húsnæði í vanskilum á húsnæðisláni sem er lægsta gildi frá því mælingar hófust árið 2004. Hlutfall heimila með mikla greiðslubyrði af húsnæðislánnum jókst frá 2020 og er útlit fyrir áframhaldandi aukningu. Þegar litið er til húsnæðislána sem veitt voru frá 2020 voru um 4,5% heimila með greiðslubyrði umfram 40% í upphafi lánstíma. Miðað við raunverulega greiðslubyrði í júlí 2023 og uppfærðar tekjur er hlutfallið orðið tæp 9%. Það eru einkum heimili með óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum sem verða fyrir aukinni greiðslubyrði. Af óverðtryggðum íbúðalánnum til heimilanna er tæplega helmingur á breytilegum vöxtum.

Það er því útlit fyrir að hlutfall heimila með háa greiðslubyrði muni að óbreyttu hækka. Ef vextir óverðtryggðra íbúðalána með fasta vexti myndu við vaxtaendurskoðun hækka í þá breytilegu vexti sem bjóðast í dag, myndi hlutfall heimila með greiðslubyrði umfram 40% hækka úr 9% í 20%. Heimili gætu hins vegar dregið úr greiðslubyrði með ýmsum leiðum, t.d. með lengingu lánstíma eða með verðtryggingu lána.<sup>5</sup>


Heimili taka í auknum mæli verðtryggð lán og eru þau orðin meirihluti nýrra lána. Er það breyting frá síðustu árum þegar meirihluti nýrra lána voru óverðtryggð.

Samanburður á leigjendum og eigendum sýnir að hóparnir eru mismunandi. Af leigjendum eru 27,0% með íþyngjandi húsnæðiskostnað en einungis 8,9% eigenda sem skýrist að hluta af því að leigjendur eru að meðaltali tekjulægri en eigendur.<sup>6</sup> Einnig má benda á að möguleikar hópanna til að takast á við breytingar á verðlagi eru ólíkir, m.a. vegna bættrar eiginfjárstöðu fasteignaeigenda síðustu ára.

<sup>5</sup> Minnisblað Seðlabanka Íslands, „Greiðslubyrði heimila og áhrif vaxtahækkana“.

<sup>6</sup> Íþyngjandi húsnæðiskostnaður er skilgreindur sem húsnæðiskostnaður sem nemur a.m.k. 40% af ráðstöfunartekjum heimilis. Niðurstöðurnar byggja á lífskjararannsókn Hagstofu Íslands fyrir árið 2021.

**Mynd 1.13. Fjárhæðir íbúðalána í milljörðum króna eftir því hvort og hvenær vextir koma til endurskoðunar (vinstri) og samsetning nýrra fasteignalána (hægri).**



Skýringar: Gögnin byggja á öllum útistandandi íbúðalánum (fasteignalán til neytenda) frá Arion banka, Íslandsbanka, Landsbanka, HMS/ÍLS og 9 stærstu lífeyrissjóðum. Heimild: Seðlabanki Íslands.

## 1.5. Afkoma hins opinbera

Afkoma hins opinbera batnaði töluvert árið 2022. Heildartekjur að frádregnum heildarútgjöldum utan vaxtatekna og vaxtagjalda, svokallaður frumjöfnuður, var neikvæður um 1,9% af landsframleiðslu árið 2022 samanborið við 6,4% árið 2021. Bætt afkoma hins opinbera er einkum tilkomin vegna mikils hagvaxtar á síðasta ári og því að tímabundnar ráðstafanir vegna heimsfaraldursins gengu til baka. Í ár er gert ráð fyrir að dragi enn frekar úr tímabundnum ráðstöfunum. Áætlað er að frumjöfnuður hins opinbera verði jákvæður um 0,9% af landsframleiðslu árið 2023 samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024. Að mati Seðlabanka Íslands væri æskilegt að aðhald ríkisfjármála væri meira þegar spenna er á vinnumarkaði og verðbólga töluvert yfir markmiði. Meira aðhald í ríkisfjármálum myndi skila sér í lægri verðbólgu og lægri vöxtum en einnig lægri landsframleiðslu að mati Seðlabankans.<sup>7</sup> Að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er aðhaldið hæfilegt í ár en talið æskilegt að það sé aukið enn frekar næstu ár miðað við það sem nú er ráðgert.<sup>8</sup>


<sup>7</sup> Peningamál 2023/2.

<sup>8</sup> <https://www.imf.org/en/Publications/CR/Issues/2023/06/21/Iceland-2023-Article-IV-Consultation-Press-Release-Staff-Report-and-Statement-by-the-535050>

Samkvæmt fyrirbyggjandi fjármálaáætlun er ráðgert að draga úr halla ríkissjóðs og verða skuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu, samkvæmt skuldareglu, 38,5% í lok þessa árs. Það er samdráttur um 1,6 prósentustig frá því í fyrra.

Heildartekjur að frádregnum heildargjöldum ríkissjóðs, heildarjöknuður ríkissjóðs, er í meginatriðum í samræmi við samþykka fjármálaáætlun. Nokkur breyting varð þó á samsetningu tekna og gjalda. Vegna hærri verðbólgu batnar frumjöknuður en vegna hærri vaxta aukast vaxtagjöld. Heildarjöknuður ríkissjóðs á næsta ári hækkar lítillega í samanburði við fjármálaáætlun.

**Mynd 1.14. Afkoma ríkissjóðs (% af vergri landsframleiðslu), 2019-2024 (vinstri) og skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu, 2019-2024 (hægri).**



Skýringar: Heildarjöknuður er heildartekjur að frádregnum heildargjöldum. Frumjöknuður er afkoma ríkissjóðs fyrir vaxtatekjur- og gjöld. Heimild: Fjárlög 2024.

Versnandi afkoma ríkissjóðs árin 2020 og 2021 skýrist mest af samdrætti í hagkerfinu og auknum útgjöldum vegna heimsfaraldursins. Það var m.a. vegna tímabundinna ráðstafana vegna heimsfaraldurs og niðursveiflu í hagkerfinu og undirliggjandi halla. Afkoma sveitarfélaga versnaði einnig en viðsnúningur í afkomu þeirra er hægari en hjá ríkissjóði. Þannig er gert ráð fyrir að frumjöknuður ríkissjóðs verði jákvæður árið 2023 en frumjöknuður sveitarfélaga neikvæður samkvæmt fjármálaáætlun.

Afkoma sveitarfélaga versnaði nokkuð í kjölfarið á heimsfaraldrinum. Það má einkum sjá af því að veltufé frá rekstri var 3,7% árið 2022 og verður 5,8% miðað við fjárhagsáætlun 2023. Talið er að sveitarfélög þurfi veltufé sem nemur um 9% af tekjum til að rekstur þeirra teljist sjálfbær.<sup>9</sup> Rekstrarafgangur, mismunur tekna og útgjalda sveitarfélaga, var neikvæður um sem nemur 4,6% af tekjum árið 2022 en verður neikvæður um sem nemur 1,2% af tekjum miðað við fjárhagsáætlanir 2023. Samhliða þeirri þróun jukust skuldir sveitarfélaga sem hlutfall af tekjum þeirra úr 104% árið 2019 í 114% árið 2022.<sup>10</sup>

## 1.6. Atvinnugreinar og samkeppnishæfni

Framleiðnivöxtur er helsti drifkraftur aukins kaupmáttar til langs tíma litið. Mikil hækkun launakostnaðar til lengri tíma umfram önnur ríki og umfram framleiðnivöxt mun að öðru jöfnu stuðla að verðbólgu og lakari samkeppnisstöðu íslenskra útflutningsatvinnuvega. Framleiðni og framleiðnivöxtur er mismunandi á milli atvinnugreina. Á heildina litið jókst framleiðni vinnuafls, framleiðsla á vinnustund, um 0,2% fyrir hagkerfið í heild sinni á árinu 2022. Árin áður sveiflaðist framleiðni nokkuð. Töluverður munur er á vexti framleiðni á milli atvinnugreina og dróst framleiðni saman um 1,1% sé horft til greina sem ekki falla undir hið opinbera árið 2022. Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnslá, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, en þar er hluti atvinnurekstrar þó á höndum einkaaðila. Fyrir þjónustugreinar aðrar en ferðaþjónustu, og iðnað og byggingarstarfsemi dróst framleiðni saman árið 2022. Í öðrum atvinnugreinum, ferðaþjónustu, heild- og smásöluverslun, og fiskveiðum og fiskeldi, jókst framleiðni árið 2022.


Heildarfjöldi vinnustunda jókst hlutfallslega meira í atvinnugreinum með minni framleiðni, t.d. ferðaþjónustu tengdum greinum. Þessi þróun dregur úr framleiðni að öðru óbreyttu.

Í samanburði við hin Norðurlöndin var vöxtur framleiðni á tímabilinu 2015-2022 sá næst mesti hér á landi en lítillaga meiri í Svíþjóð.

<sup>9</sup> Með sjálfbærni er átt við að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir. Veltufé frá rekstri sýnir hvaða fjármunir eru til staðar til greiðslu afborgana og lána og til fjárfestinga eftir að reikningar vegna daglegs rekstrar hafa verið greiddir.


<sup>10</sup> Miðað er við A-hluta sveitarfélaga.

**Mynd 1.15. Framleiðnivöxtur, breyting þáttatekna á föstu verðlagi á vinnustund milli ára, eftir atvinnugrein.**



Skýringar: Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnslá, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, en þó er hluti atvinnurekstrar í þessum greinum á höndum einkaaðila. Skýring á atvinnugreinaflokkun: Þjónusta án ferðaþjónustu: J+K+M+S95. Iðnaður og byggingarstarfsemi: B til F. Ferðaþjónusta: H+I+N. Heild og smásöluverslun: G. Sjávarútvegur: A03. Annað (ekki sýnt á mynd): A(fyrir utan A03)+R+S(fyrir utan S95)+T+U+O+P+Q. Hið opinbera er skilgreint sem opinber stjórnslá, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta. Heimild: Hagstofa Íslands.

**Mynd 1.16. Alþjóðlegur samanburður á framleiðnivexti, breyting á vergri landsframleiðslu á föstu verðlagi á vinnustund milli ára (hægri).**



Heimild: OECD.


Hlutfall launa og tengdra gjalda af vergum þáttatekjum, launahlutfallið, var 59,2% árið 2022 og lækkaði um 0,8 prósentustig á milli ára. Samtals lækkaði launahlutfallið um 2 prósentustig á tímabilinu 2019-2022.

Launahlutfallið lækkaði í flestum atvinnugreinum árið 2022. Mest lækkaði launahlutfallið í iðnaði og atvinnugreinum tengdri ferðapjónustu. Lækkun launahlutfalls í iðnaði má m.a. rekja til hækkandi álverðs. Miklar sveiflur voru í launahlutfalli innan atvinnugreina ferðapjónustu í gegnum heimsfaraldurinn.

Raungengi á mælikvarða launa er mælikvarði á samkeppnishæfni sem mælir þróun hlutfallslegs launakostnaðar á framleidda einingu miðað við önnur lönd í sameiginlegum gjaldmiðli. Mælikvarðinn gefur til kynna hvort laun fari hækkandi eða lækkandi í samanburði við önnur lönd að teknu tillit til breytinga á gengi gjaldmiðla. Raungengi á mælikvarða launa hækkaði í ársbyrjun 2022 en lækkaði á þriðja ársfjórðungi. Þessar sveiflur má að mestu tekja til breytinga í hlutfallslegum launakostnaði en að litlu leyti til gengisbreytinga.


Raungengið hélst stöðugt þangað til í byrjun ársins 2023. Hlutfallslegur launakostnaður hækkaði í lok árs 2022 og í byrjun 2023. Á móti vó hins vegar að gengi krónunnar veiktist. Þegar gengi krónunnar veikist lækka hlutfallsleg laun mæld í erlendum gjaldmiðli og þar með lækkar raungengið. Raungengi hélst því stöðugt frá þriðja ársfjórðungi 2022 til fyrsta ársfjórðungs 2023.

**Mynd 1.17. Launahlutfall, hlutfall launa og tengdra gjalda af vergum þáttatekjum (vinstri), raungengi og hlutfallslegur launakostnaður á framleidda einingu, hagkerfið alls (hægri).**



Skýringar: Launakostnaður á framleidda einingu er hlutfall launakostnaðar og framleiðni vinnuafis. Heimild: Hagstofa Íslands (vinstri) og Seðlabanki Íslands (hægri).

Mynd 1.18. Launahlutfall eftir atvinnugrein.




Skýringar: Hið opinbera er hér skilgreint sem atvinnugreinarnar opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, en hluti atvinnurekstrar í þessum greinum er þó á höndum einkaaðila. Skýring á atvinnugreinaflokkun: Þjónusta án ferðaþjónustu: J+K+M+S95. Iðnaður og byggingarstarfsemi: B til F (fyrir utan fiskvinnslu). Ferðaþjónusta: H+I+N. Heild og smásöluverslun: G. Sjávarútvegur: A03+Fiskvinnsla. Annað (ekki sýnt á mynd): A(fyrir utan A03)+R+S(fyrir utan S95)+T+U+O+P+Q. Heimild: Hagstofa Íslands.



Árið 2022 var launakostnaður á unna stund næsthæstur á Íslandi af Norðurlöndunum þegar hann er mældur í sameiginlegum gjaldmiðli. Stök ár hefur kostnaðurinn verið hærri í Danmörku, t.d. árið 2020. Danmörk, Noregur og Ísland raða sér í efstu þrjú sæti af Norðurlöndunum, en röðun á meðal þeirra er breytileg á milli ára.

Mikil hækkun launakostnaðar til lengri tíma umfram önnur ríki og umfram framleiðnivöxt mun að öðru jöfnu stuðla að verðbólgu og lakari samkeppnisstöðu íslenskra útflutningsatvinnuvega. Árin 2019-2022 var árleg hækkun á launakostnaði á unna stund hæst hér á landi í heimagjaldmiðli. Tímakaup hækkaði að meðaltali um 5,7% á ári á sama tíma og hækkunin var á bilinu 3,0-3,8% á hinum Norðurlöndunum. Á þessum árum veiktist gengi krónunnar. Einkum á árinu 2020 í kjölfar heimsfaraldursins og á árinu 2022, m.a. vegna halla á vöruskiptajöfnuði og auknum ferðalögum Íslendinga erlendis. Þannig eru launahækkarar í evrum á bilinu 2,5%-3,2% á Norðurlöndunum. Á þann mælikvarða er Ísland með mesta árlega launahækkun ásamt Finnlandi. Til að leggja mat á þróun í samkeppnishæfni er hægt að skoða hækkun á launakostnaði í sameiginlegum gjaldmiðli. Þegar launahækkarar eru mældar í bandaríkjadöllum eru árlegar launahækkarar á Norðurlöndunum á bilinu -0,3% og 0,4%. Það skýrist af veikingu bandaríkjadals árið 2022.

**Mynd 1.19. Meðallaunakostnaður á unna stund (í evrum) (vinstri), og meðaltal árlegrar hækkunar á meðallaunakostnaði á vinnustund í heimagjaldmiðli, bandaríkjadöllum og evrum 2019-2022 (hægri).**



Heimild: Seðlabanki Íslands (vinstri), OECD (hægri)

## 2.

# Umgjörð kjarasamninga á Íslandi

### 2.1. Íslenskur vinnumarkaður

Íslenskur vinnumarkaður byggist á lögum og kjarasamningum. Lög kveða á um grundvallarreglur um réttindi og skyldur starfsfólks en með kjarasamningum hafa stéttarfélög samið um aukin réttindi. Flestar breytingar á löggjöf sem tengjast vinnumarkaði undanfarin ár eiga rætur sínar að rekja til kjarasamninga og tilskipana ESB vegna aðildar Íslands að EES.


Í lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 segir að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skuli vera lágmarkskjör fyrir allt launafólk í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem samningurinn tekur til. Vinnumarkaður á Íslandi skiptist í meginatriðum í almennan (einkageirinn) og opinberan (ríki og sveitarfélög) vinnumarkað.

Stéttarfélagspátttaka hér á landi er almennt meiri en gengur og gerist. Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands voru rúmlega 92% vinnuafslins aðilar að stéttarfélagi árið 2021. Til samanburðar er hlutfallið á milli 50% og 67% á hinum Norðurlöndunum, sem þó raða sér í efstu fjögur sætin á eftir Íslandi. Þátttaka í OECD-ríkjunum er að meðaltali 16% en 27% í Evrópu.

Á Íslandi eru helstu réttindi launafólks varin í kjarasamningum, ekki með lagasetningu, t.a.m. lágmarkslaun.

Annar mælikvarði á umsvif stéttarféлага er þekja kjarasamninga (e. collective bargaining coverage). Þá er átt við hlutfall launafólks hvers kjör taka mið af gildandi kjarasamningum óháð því hvort það sé aðili að stéttarfélagi eða ekki.<sup>11</sup> Þekja kjarasamninga hér á landi var metin í kringum 90% árið 2019, sem var þá sú fimmta hæsta á meðal OECD-ríkja.<sup>12</sup> Það verður jafnvel að teljast varfærið en matið leiðréttir m.a. ekki að fullu fyrir verktökum eða einstaklingum með eigin atvinnurekstur.

### Mynd 2.1. Aðild að stéttarfélögum í OECD-ríkjum.



Heimild: OECD og Hagstofa Íslands

## 2.2. Heildarsamtök á vinnumarkaði


Alþýðusamband Íslands (ASÍ) eru heildarsamtök stéttarfélaganna á almennum vinnumarkaði. ASÍ skiptist í fimm landssambönd með 44 aðildarfélög og er félagsfólk um 127 þúsund. Þar af eru rúmlega 113 þúsund virkir á vinnumarkaði.

Bandalag háskólamanna (BHM) eru heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði með 27 aðildarfélög, og rúmlega 17 þúsund félagsmenn. BSRB eru stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna með 19 aðildarfélög og um 24 þúsund félagsmenn. Kennarasamband Íslands (KÍ) er samband kennara og stjórnenda í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum með sjö aðildarfélög og um 11,5 þúsund félagsmenn. Áttunda aðildarfélag KÍ er Félag kennara á eftirlaunum með rúmlega 2.200 félagsmenn

<sup>11</sup> Sjá heildstæðari skýringu á vefsíðu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar – ILO.

<sup>12</sup> Um er að ræða nýjustu tölur. Sjá gagnasafn [OECD](#).

Mynd 2.2. Skipulag launafólks á vinnumarkaði.



Heildarsamtök launafólks halda utan um sameiginleg málefni aðildarféлага og koma fram fyrir þeirra hönd. Samningsrétturinn til gerðar kjarasamninga liggur hjá hverju stéttarfélagi sem semur um kaup og önnur kjör en samningsumboðið er oft framselt til heildarsamtaka. Mikill meirihluti launafólks hér á landi er félagsfólk í stéttarfélögum sem eiga aðild að heildarsamtökum en mörg stéttarfélög standa þó utan heildarsamtaka. Helst eru þetta stéttarfélög háskólamenntaðra. Þeirra stærst eru Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja auk stéttarféлага ýmissa heilbrigðisstétta, svo sem lækna og hjúkrunarfræðinga. Ætla má að um 19 þúsund manns séu félagsmenn í stéttarfélögum utan heildarsamtaka.<sup>13</sup> Þessu til viðbótar er sá hópur launafólks sem stendur utan stéttarféлага. Þeir sem teljast til þessa hóps semja beint við sinn atvinnurekanda og upplýsingar um fjölda þeirra eru af skornum skammti.

<sup>13</sup> Þá er miðað við fjölda launafólks á kjörskrá í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga frá apríl 2019 til ágúst 2022.

Helstu viðsemjendur stéttarféлага eru Samtök atvinnulífsins, fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, Samband íslenskra sveitarféлага og Reykjavíkurborg.

Samtök atvinnulífsins (SA) eru stærstu samtök launagreiðenda og þeim tilheyra sex aðildarsamtök. Með aðild sinni fela fyrirtæki SA gerð kjarasamninga fyrir sína hönd. Önnur minni félög atvinnurekenda, þar á meðal Félag atvinnurekenda og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, gera einnig kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna. Samkvæmt kjörskráum úr atkvæðagreiðslum má ætla að samningar SA nái til um 65% alls launafólks á öllum vinnumarkaðnum og til um 98% launafólks á almennum markaði.

Fjármála- og efnahagsráðherra gerir kjarasamninga fyrir hönd ríkisins og felur hann samninganefnd ríkisins, SNR, umboð sitt til gerðar kjarasamninga. Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarféлага, SNS, fer með samningsumboð fyrir hönd allra sveitarféлага utan Reykjavíkurborgar sem semur að mestu leyti beint við sína viðsemjendur ef undan eru skildir kjarasamningar við Kennarasamband Íslands og Félag íslenskra hljómlistarmanna.

### **Lagaumhverfi kjarasamninga**

Á almennum vinnumarkaði gilda lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Þar kemur m.a. fram að stéttarfélög semji um kaup og kjör fyrir sína félagsmenn. Samningsumboð liggur hjá hverju stéttarfélagi fyrir sig samkvæmt lögnum en ekki heildarsamtökum stéttarféлага nema samkvæmt umboði aðildarféлага þeirra.

Heimild til boðunar verkfalla liggur einnig hjá stéttarfélögum en ekki heildarsamtökum fyrir þeirra hönd og verða ekki ákveðin án atkvæðagreiðslu félagsmanna hvers stéttarfélags.

Á opinberum vinnumarkaði gilda að sumu leyti aðrar reglur en þar gilda almennt lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Lögin gilda um alla starfsmenn sem eru félagsmenn í þeim stéttarfélögum sem hafa heimild til þess að gera kjarasamninga samkvæmt lögnum og eru ráðnir til starfa hjá ríki og sveitarfélögum eða stofnunum þeirra.

### **Hlutverk ríkissáttasemjara**

Samkvæmt lögum skal ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum. Samningsaðilar geta hvenær sem er óskað milligöngu eða aðstoðar sáttasemjara. Slitni upp úr samningaviðræðum aðila getur hvor um sig vísað deilunni til sáttasemjara.

Ríkissáttasemjari getur lagt fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir stéttarfélög launafólks, eitt eða fleiri saman og félög atvinnurekenda, eða einstakan atvinnurekanda eigi hann í vinnudeilu. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann leggur fram miðlunartillögu en samninganefndir taka ekki formlega afstöðu til efnis hennar.

### 2.3. Kjarasamningar helstu fulltrúa atvinnurekenda

Tafla 2.1. **Fjöldi samþykkrtra kjarasamninga eftir launagreiðendum og heildarsamtökum í síðustu samningalotu (2022-2024).**

	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ	Utan heildar samtaka	Samtals
Samtök atvinnulífsins	79	4	13	1	11	108
Ríki	7	24	17	1	14	63
Reykjavíkurborg	3	10	2	-	4	19
Sveitarfélög utan RVK	22	11	19	4	5	61
Aðrir aðilar	15	9	6	6	1	37
<b>Samtals</b>	<b>126</b>	<b>58</b>	<b>57</b>	<b>12</b>	<b>35</b>	<b>288</b>

Skýringar: Fjöldi kjarasamninga er í einhverjum tilvikum vanmetinn. Reykjavíkurborg er ekki sjálfstæður samningsaðili gagnvart KÍ og semur Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir þeirra hönd.

Tafla 2.2. **Fjöldi á kjörskrá samninga eftir heildarsamtökum og launagreiðendum í síðustu smningalotu (2022-2024).**

	ASÍ	BHM	BSRB	KÍ	Utan heildar samtaka	Samtals
Samtök atvinnulífsins	105.600	0-100	1.600	300	7.000	114.500
Ríki	1.500	7.700	8.000	1.500	4.600	23.300
Reykjavíkurborg	2.100	1.000	5.200	-	100	8.400
Sveitarfélög utan RVK	100	1.900	7.400	8.500	200	18.100
Aðrir aðilar	5.400	300	1.400	400	400	7.900
<b>Samtals</b>	<b>114.700</b>	<b>10.900</b>	<b>23.600</b>	<b>10.700</b>	<b>12.300</b>	<b>172.200</b>

Skýringar: Tölur hafa verið námundaðar að heilum hundrað. Fjöldi á kjörskrá er vanmetinn í einhverjum tilvikum. Reykjavíkurborg er ekki sjálfstæður samningsaðili gagnvart KÍ og semur Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir þeirra hönd.

### Helstu atriði kjarasamninga á almenna markaðnum

Í kjarasamningi SGS og SA var samið um 35 til 52 þúsund króna hækkun kauptaxta miðað við virka launaflokka sem náðu frá 367 þúsundum krónum til 401 þúsund króna. Hækkun launataxta SGS

voru því á bilinu 9,5 til 13,1%. Almenn hækkun mánaðarlauna hjá SGS utan taxta, þeirra á umsömdum launum, var 33 þúsund krónur í samningum við SA. Innan SGS og Eflingar áætla ASÍ og SA að um það bil helmingur félagsmanna séu á taxtalaunum og aðrir á umsömdum launum. Í vorskýrslu Kjaratölfræðinefndar 2023 kom fram að innan samningsviðs SA við SGS og Eflingu voru grunnlaun að meðaltali 445 þúsund krónur árið 2022 og að 90% félagsmanna voru með grunnlaun undir 580 þúsund krónum en grunnlaun eru þau laun sem samið er um í kjarasamningum hvort sem er með hækkunum taxta eða almennum hækkunum.

Hagvaxtarauka lífskjarasamnings, sem átti að koma til greiðslu 1. maí 2023, var flýtt og hann meðtalinn í taxta- og kauphækkunum og telst fulllefnður. Aðrir samningar fylgdu þessari framkvæmd á hagvaxtarauka.

Í samningum VR, LÍV og samflots félaga iðn- og tæknigreina við SA var samið um 6,75% almennar launahækkunir með hámarki við 66 þúsund krónur, frá 1. nóvember 2023. Launataxtar hækkuðu hlutfallslega meira. Taxtahækkunir VR, LÍV voru á bilinu 9,7 til 13,0%, en 9,3 til 11,6% hjá iðn- og tæknifélögum. Hæsti taxti VR, LÍV var í kringum 410 þúsund krónur og algengasti sveinataxti iðnaðarmanna var 490 þúsund krónur áður en samið var. Af fullvinnandi félagsmönnum VR og LÍV voru 19% með laun innan taxtakerfisins og tæp 15% iðnaðarmanna með laun jöfn eða lægri en sveinataxtinn.

### **Almenni markaðurinn**

Samningar á almenna markaðnum losnuðu flestir í lok október 2022. Samningar í núverandi lotu losna flestir í lok janúar 2024.

Í kjarasamningi SGS og SA var samið um 35 til 52 þúsund króna hækkun kauptaxta miðað við virka launaflokka sem náðu frá 367 þúsundum krónum til 401 þúsund króna. Hækkun launataxta SGS voru því á bilinu 9,5 til 13,1%. Almenn hækkun mánaðarlauna hjá SGS utan taxta, þeirra á umsömdum launum, var 33 þúsund krónur í samningum við SA. Innan SGS og Eflingar áætla ASÍ og SA að um það bil helmingur félagsmanna séu á taxtalaunum og aðrir á umsömdum launum. Í vorskýrslu Kjaratölfræðinefndar 2023 kom fram að innan samningsviðs SA við SGS og Eflingu voru grunnlaun að meðaltali 445 þúsund krónur árið 2022 og að 90% félagsmanna voru með grunnlaun undir 580 þúsund krónum en grunnlaun eru þau laun sem samið er um í kjarasamningum hvort sem er með hækkunum taxta eða almennum hækkunum.

## **Yfirlýsing stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga**

Til að liðka fyrir gerð kjarasamninga sendu stjórnvöld frá sér yfirlityfiraðgerðir<sup>14</sup> sem eiga að styðja við markmið samninganna um að standa vörð um kaupmátt og lífskjör launafólks og skapa forsendur fyrir stöðugleika í efnahagsmálum, lækkun verðbólgu og vaxta. Sérstök áhersla er á aukinn stuðning við barnafjölskyldur og uppbyggingu íbúðahúsnæðis.

Hagvaxtarauka lífskjarasamnings, sem átti að koma til greiðslu 1. maí 2023, var flýtt og hann meðtalinn í taxa- og kauphækkunum og telst fullefndur. Aðrir samningar fylgdu þessari framkvæmd á hagvaxtarauka.

Í samningum VR, LÍV og samflots félaga iðn- og tæknigreina við SA var samið um 6,75% almennar launahækkanir með hámarki við 66 þúsund krónur, frá 1. nóvember 2023. Launataxtar hækkuðu hlutfallslega meira. Taxtahækkanir VR, LÍV voru á bilinu 9,7 til 13,0%, en 9,3 til 11,6% hjá iðn- og tæknifélögum. Hæsti taxti VR, LÍV var í kringum 410 þúsund krónur og algengasti sveinataxti iðnaðarmanna var 490 þúsund krónur áður en samið var. Af fullvinnandi félagsmönnum VR og LÍV voru 19% með laun innan taxtakerfisins og tæp 15% iðnaðarmanna með laun jöfn eða lægri en sveinataxtinn.

### **Samningar við stéttarfélög utan heildarsamtaka**

SA hafa gert 11 kjarasamningar frá því í nóvember 2022 við stéttarfélög utan heildarsamtaka þar sem SSF, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og STF, samband stjórnendafélaga, eru lang fjölmennust og Blaðamannafélag Íslands er það þriðja í stærðarröðinni. Samið var á sömu nótum við þessi félög og við ASÍ félögin sem samið var við í byrjun lotunnar.

### **Opinberi markaðurinn**

Gildistími meginþorra kjarasamninga hjá ríki og sveitarfélögum var til loka mars 2023. Samningar ríkisins og hjá sveitarfélögum losna í lok mars 2024 nema samningar sveitarfélaganna við KÍ sem losna í lok maí 2024.

### **Kjarasamningar ríkisins**

Samninganefnd ríkisins gerði 53 samninga í yfirstandandi samningalotu, fyrir hönd ríkissjóðs og ein miðlunartillaga var samþykkt. Þar af eru sjö samningar við félög innan ASÍ, þar af einn við SGS þar sem 18 félög eru að baki, 21 samningur við aðildarfélög BHM sem ná til

<sup>14</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Yfirl%C3%BDsing%20stj%C3%B3rnvalda%20vegna%20kjarasamninga.pdf>



25 félaga, níu við aðildarfélög BSRB sem ná til 21 aðildarfélags, einn við Félag framhaldsskólakennara í KÍ og 15 samningar við félög utan bandalaga.

Í kjarasamningum ríkisins var farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana. Hún fól í sér 35 þúsund króna lágmarkshækkun, 6,75% almenna hækkun launa en með 66 þúsund króna þak á fyrsta launaprep. Bil milli þrepa héldu sér í prósentum. Hlutfallslegar hækkanir voru því á bilinu 5,2% til 10,5% og í krónum talið voru hækkanir frá 35 þúsund til 79 þúsund krónur.

### **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir 63 kjarasamninga við 58 stéttarfélög innan ASÍ, BSRB, BHM, KÍ og félög utan bandalaga. Af þessum 63 kjarasamningum runnu 39 kjarasamningar út í lok mars 2023 en 24 í lok september 2023. Gengið hefur verið frá 61 kjarasamningi á árinu. Enn er ósamið við tvö stéttarfélög, Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Félag íslenskra hljómlistarmanna en samningar þeirra runnu út í lok mars 2023. Kjaraviðræður standa yfir undir stjórn ríkissáttasemjara.

Í kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga var farin svipuð leið og hjá ríkinu, blönduð leið krónutölu- og prósentuhækkana sem fól í sér 35 þúsund króna lágmarkshækkun með viðbótargreiðslu á lægstu laun. Hjá hærri launaflokkum hækkuðu laun um 6,75% að hámarki vegna 66 þúsund króna þak á hæstu launaflokka. Launaprep í töflum héldust óbreytt í prósentum. Hlutfallshækkanir voru almennt frá 6,75% til 8,80% en þó voru hækkanir lægstu launa meiri vegna viðbótargreiðslna á lægstu laun.

### **Reykjavíkurborg**

Reykjavíkurborg gerir 19 kjarasamninga beint við stéttarfélög. Þar af eru þrír samningar við félög innan ASÍ, tveir við félög innan BSRB, tíu við félög innan BHM og fjórir við félög utan bandalaga. Þá gerir Reykjavíkurborg fimm samninga við félög innan KÍ í samfloti við Samband sveitarfélaga og einn við Félag íslenskra hljómlistarmanna, sem er innan vébanda BHM. Samanlagt gera sveitarfélögin og Reykjavíkurborg því 85 kjarasamninga.

Kjarasamningar Reykjavíkurborgar voru sambærilegir öðrum opinberum launagreiðendum. Um var að ræða blandaða leið sem einkenndist af 35.000 króna lágmarkshækkun lægstu launa, 6,75% lágmarks hlutfallshækkun og 66.000 króna hámarkshækkun á grunnþrep. Launaprep í töflum héldust óbreytt í prósentum. Hlutfallshækkanir voru frá 6,75% til 10% í lægstu launaflokkum.

## 3.

## Laun og launapróun

### 3.1. Launapróun eftir mörkuðum

Launaumfjöllun í skýrslum Kjaratölfræðinefndar byggja á launagögnum frá Hagstofu Íslands sem safnar mánaðarlega upplýsingum frá sveitarfélögum, stofnunum og fyrirtækjum þar sem starfa tíu eða fleiri.<sup>15</sup> Laun og þróun þeirra er greind sérstaklega fyrir almennan vinnumarkað, ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög. Nánari skýringar á gögnum og launahugtökum eru í viðaukum 1 og 2.

Umfjöllun um launapróun tekur til núverandi kjarasamningslotu á vinnumarkaði sem hófst 1. nóvember 2022 og ná gögnin til júlí 2023. Flestir kjarasamningar á opinberum markaði gilda frá 1. apríl 2023. Almenn gildir fyrir alla markaði að laun hækkuðu á tímabilinu fram til júlí 2023 í takti við gerða kjarasamninga. Á opinberum markaði komu hækkanir seinna en á almennum markaði og er því tímabilið frá undirritun kjarasamnings skemmra í þeim tilvikum. Sérstaklega er fjallað um kjarasamningslotuna 2019-2022 í lok kaflans. Breytingar á grunntímakaupi endurspeglar best umsamdar launahækkanir í kjarasamningum og er því megin áhersla lögð á það hugtak í umfjöllun.

Í kjarasamningum á almenna markaðnum í lok ársins 2022 var samið um 6,75% almennar launahækkanir, að hámarki 66 þúsund krónur hjá VR, LÍV og samfloti félaga iðn- og tæknigreina en 33 þúsund króna hækkun mánaðarlauna hjá SGS, og hækkanir kauptaxta sem voru mest 13,1%. Þær launahækkanir á almennum markaði sem samið var um í kjarasamningum í lok síðasta árs komu fyrst til greiðslu í desember 2022. Samningar á þessu tímabili voru flestir við stéttarfélög innan ASÍ, sem hefur 66% vægi í vísitölu grunntímakaups (sjá mynd 3.4). Í janúar 2023 var ósamið við fjölmenn félög, svo sem Eflingu. Það skýrir hvers vegna hækkun vísitölu milli nóvember 2022 og janúar 2023 er undir almennum launahækkunum. Vísitala grunntímakaups á almenna markaðnum hækkaði mest á milli nóvember 2022 og janúar 2023 og hækkaði jafnt og þétt fram til júlí


<sup>15</sup> Launarannsóknin nær til stærsta hluta vinnumarkaðar, eða um 85% launafólks, þó enn séu atvinnugreinar utan rannsókna, svo sem sá hluti fræðslu- og heilbrigðisþjónustu sem er á almenna markaðnum og þá ná niðurstöður ekki til sjómanna. Um það bil 97 þúsund einstaklingar komu að minnsta kosti einu sinni fyrir í launarannsókninni árið 2022. Nánari upplýsingar um rannsóknina má finna [hér](#).

2023, eins og sjá má á mynd 3.1. Á almennum vinnumarkaði hækkaði vísitala grunntímakaups alls um 9,4% frá nóvember 2022 til júlí 2023.

Í kjarasamningum ríkisins var farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana. Hún fól í sér 35 þúsund króna lágmarkshækkun, 6,75% almenna hækkun en með 66 þúsund króna þak á fyrsta launaprep. Bil milli þrepa héldu sér í prósentum. Hlutfallshækkarnir voru því á bilinu 5,2% til 10,5% og krónutöluhækkarnir frá 35 þúsund til 79 þúsund krónur. Í kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga var farin svipuð leið og hjá ríkinu, blönduð leið krónutölu- og prósentuhækkana sem fól í sér 35 þúsund króna lágmarkshækkun með aukahækkunir á lægstu laun en hámark 6,75% hækkun í hærri launaflokkum. Bil milli þrepa héldu sér í prósentum. Hlutfallshækkarnir voru almennt frá 6,75% til 8,80% en þó voru hækkarnir lægstu launa meiri vegna viðbótargreiðslna á lægstu laun. Kjarasamningar Reykjavíkurborgar voru sambærilegir öðrum opinberum launagreiðendum. Um var að ræða blandaða leið sem einkenndist af 35.000 króna lágmarkshækkun læstu launa, 6,75% lágmarks hlutfallshækkun og 66.000 króna hámarkshækkun á grunnþrep. Launaprep í töflum héldust óbreytt í prósentum. Hlutfallshækkarnir voru því frá 6,75% til 10% í lægstu launaflokkum.


Hjá ríki og Reykjavíkurborg hækkaði vísitala grunntímakaups mest á milli mars og maí 2023 þegar kjarasamningar komu til framkvæmda. Á heildina litið hækkaði vísitala grunntímakaups um 9,0% hjá ríki og Reykjavíkurborg milli nóvember 2022 og júlí 2023. Hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar var mesta hækkun í júní og hækkaði vísitala grunntímakaups alls um 8,9% hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar á tímabilinu nóvember 2022 og júlí 2023. Enn var þá ósamið við fámenna hópa svo sem stjórnendur í grunn- og leikskólum, tónlistarkennara og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ólíkur taktur launapróunar skýrist að mestu af mismunandi tímasetningum kjarasamninga á tímabilinu.

**Mynd 3.1. Vísitala grunntímaþaups (vinstri) og reglulegs tímaþaups (hægri), breyting frá nóvember 2022 til júlí 2023 (nóvember 2022=100).**



Meiri munur er á hækkun reglulegs tímaþaups á milli markaða samanborið við hækkun grunntímaþaups í núverandi kjara-samningslotu. Grunntímaþaup hækkaði á bilinu 8,9%-9,5% á milli markaða en reglulegt tímaþaup á bilinu 7,5%-9,2%. Mesti munur á milli hækkunar grunntímaþaups og reglulegs tímaþaups var hjá ríki og sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar. Það skýrist meðal annars af því að reglulegt tímaþaup lækkaði í júlí 2023 hjá þessum mörkuðum og vegur þar líklega þyngst að vegna sumarleyfa dregur úr launaaukum sem teljast til reglulegra launa en ekki grunnlauna.

**Mynd 3.2. Breytingar á vísitölu grunntímaþaups og reglulegs tímaþaups, frá nóvember 2022 til júlí 2023.**




### 3.2. Kaupmáttur launa

Verðbólga náði hámarki í febrúar 2023 og lækkaði síðan hægt og var 8,0% í nóvember 2023. Almennt var búist við hraðari lækkun á verðbólgu en raungerðist í núverandi kjarasamningslotu.

Frá nóvember 2022 til júlí 2023 hækkaði grunntímakaup um 9,4%. Á sama tíma hækkaði verðlag um 6,2%. Kaupmáttur grunntímakaups hækkaði því samtals um 3,0% í núverandi kjarasamningslotu frá nóvember 2022 til júlí 2023. Á almennum markaði var kaupmáttaraukningin 3,1% á meðan hún var á bilinu 2,5%-2,6% hjá ríki og sveitarfélögum.

Mynd 3.3. **Breyting á kaupmætti grunntímakaups og reglulegs tímakaups frá nóvember 2022 til júlí 2023.**



Skýringar: GTK – grunntímakaup, RTK – reglulegt tímakaup.

### 3.3. Vægi markaða og heildarsamtaka

Sé horft til samsetningar heildarsamtaka í gagnasafni vísitölu grunntímakaups fyrir árið 2022 má sjá að félagsfólk aðildarfélagas Alþýðusambands Íslands (ASÍ) vegur mest eða um helming. Félagsfólk í BHM, BSRB og Kennarasambandi Íslands (KÍ) vegur samanlagt rúman fjórðung í vísitölunni en önnur stéttarfélög sem standa utan heildarsamtaka um fimmtung. Launafólk utan stéttarfélagas vegur um 6%.


Stéttarfélög standa sum hver utan heildarsamtaka. Á almennum vinnumarkaði eru fjórir af hverjum fimm innan Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, Stéttarfélags verkfræðinga, Félags íslenskra

atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélags Íslands. Hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum eru rúmlega fjórir af hverjum fimm innan Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Kjarafélags tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga. Hjá ríki eru fjórir af hverjum fimm í stéttarfélögum utan heildarsamtaka, flestir í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga eða Læknafélagi Íslands.

Einhverjir hópar eru utan stéttarféлага á íslenskum vinnumarkaði. Á opinberum markaði ber helst að nefna stundakennara í háskólum en einnig þá sem ekki hafa samningsrétt, svo sem forstöðumenn stofnanna, dómarar, alþingismenn og yfirstjórn Reykjavíkur. Á almennum vinnumarkaði eru það helst stjórnendur og sérfræðingar sem eru utan stéttarféлага.

Mynd 3.4 sýnir ólíkt vægi heildarsamtaka eftir mörkuðum og vegur ASÍ um 66% í vísitölu grunntímakaups á almennum markaði, BHM vegur um 34% hjá ríki, BSRB vegur um 38% hjá Reykjavíkurborg og KÍ um 38% hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur.

**Mynd 3.4. Vægi heildarsamtaka í vísitölu grunntímakaups eftir mörkuðum í maí 2023.**




### 3.4. Launþróun eftir mörkuðum og heildarsamtökum

Á tímabilinu nóvember 2022 til júlí 2023 hækkaði grunntímakaup um 9,4% á íslenskum vinnumarkaði.

Á almennum markaði hækkaði grunntímakaup hjá verkafólki, SGS og Eflingu, um 10,3%. Í kjarasamningi Eflingar, SGS og SA hækkuðu launataxar á bilinu 9,5 til 13,1% og almenn hækkun launa var 33 þúsund krónur. Grunntímakaup hjá LÍV hækkaði um 8,9% og hjá félögum iðn- og tæknifólks um 9,2%. Almenn launahækkun þessara hópa var 6,75% að hámarki 66 þúsund krónur, sjá nánar í umfjölluninni um hvað var samið um í kjarasamningum á almenna markaðnum í kafla 2.

Á opinberum markaði komu hækkanir seinna en á almennum markaði og var skemmra tímabil frá undirritun kjarasamnings. Hjá ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélögum hækkaði grunntímakaup hjá ASÍ og BSRB meira en hjá BHM og KÍ sem skýrist af því að hjá hópum þar sem launastig er að meðaltali lægra voru hlutfallslegar launahækkanir meiri. Hjá ASÍ voru hækkanir á bilinu 9,8% og 10,2%. Hjá BSRB voru hækkanir á bilinu 9,3% og 10%. Hjá BHM voru hækkanir voru á bilinu 7,9% og 8,2%. Hjá KÍ voru hækkanir á bilinu 7,7% og 8,5%. Á opinberum markaði var lágmarkshækkun 35 þúsund krónur með sérstakri áherslu á lægstu laun en hámarkshækkun 66 þúsund krónur og 6,75% í hæstu launaflokkum. Sjá nánar í umfjöllun um kjarasamninga á opinberum markaði í kafla 2.

**Mynd 3.5. Hækkun grunntíma kaups frá nóvember 2022 til júlí 2023 eftir mörkuðum og heildarsamtökum.**



Skýring: Áhrifa af vinnutímastyttingu gætir í tölum BSRB á almennum markaði.



### 3.5. Launastig fullvinnandi eftir mörkuðum og heildarsamtökum

Umfjöllun um launastig byggir á gögnum úr launarannsókn Hagstofunnar. Fjallað er um grunnlaun, regluleg laun og regluleg heildarlaun launafólks í fullu starfi.<sup>16</sup> Horft er til launa í maí 2023 ólíkt síðustu skýrslu nefndarinnar sem fjallaði um ársmeðaltöl fyrir árið 2022.<sup>17</sup> Rétt er að benda á að ársmeðaltöl jafna út áhrif árstíðarsveiflu í yfirvinnugreiðslum og launaaukum sem geta verið breytilegar á milli mánaða. Einnig má benda á að í maí var ekki búið að ganga frá öllum samningum á opinberum markaði, þar má nefna BHM félagi hjá Reykjavíkurborg, stjórnendur í grunn- og leikskólum, tónlistarkennara og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Skoða ber tölurnar með ofangreindum fyrirvörum.

Meðallaun eru hæst á almennum markaði og hjá ríkinu, hæst á almenna markaðnum fyrir grunnlaun og regluleg laun en hæst hjá ríkinu fyrir regluleg heildarlaun. Munurinn á milli þessara tveggja markaða er þó ekki mikill. Ríkið er hins vegar með hæstu miðgildislaun á alla þrjá mælikvarða launa, þau eru næst hæst á almennum markaði og loks koma Reykjavíkurborg og sveitarfélög utan Reykjavíkurborgar.


Launalægstu einstaklingar hjá ríkinu eru með hærri laun en þeir launalægstu á öðrum mörkuðum. Þeir launahæstu á almenna markaðnum eru hins vegar með hærri laun en þeir launahæstu hjá ríkinu. Laun hjá sveitarfélögum, þ.m.t. Reykjavíkurborg, eru almennt fyrir neðan almenna markaðinn og ríkið nema grunnlaun þar sem almenni markaðurinn er lægstur.

Mestur munur var á meðaltali og miðgildi launa á almennum markaði hvort sem litið er til grunnlauna, reglulegra launa eða reglulegra heildarlauna og endurspeglar það meiri dreifingu launa en annars staðar. Mest er dreifingin þegar litið er til grunnlauna en meðaltal þeirra er 18,7% herra en miðgildi á almenna markaðnum.

<sup>16</sup> Fullvinnandi telst fólk sem vann 90% eða meira af mánaðarlegri vinnuskyldu fólks í fullu starfi miðað við ákvæði viðkomandi kjarasamnings.

<sup>17</sup> Sjá Vorskýrslu KTN 2023.

**Mynd 3.6. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og reglulegra heildarlauna í maí 2023 eftir mörkuðum, mánaðarlaun í þús. kr.**



Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfræðinefnd.

Dreifing launa á almenna markaðnum er meiri en á opinbera markaðnum. Þetta má sjá á tíundastuðlum launa eftir mörkuðum.<sup>18</sup> Við þennan samanburð ber að hafa í huga að markaðirnir eru nokkuð mismunandi. Líklega er meiri fjölbreytni á almennum markaði samanborið við ríki og sveitarfélög. Vægi almenna markaðarins er t.a.m. langstærst, eða 72% vægi í vísitölu grunntímakaups. Almenni markaðurinn er með hæsta gildi tíundastuðuls, óháð launahugtaki. Tíundastuðull grunnlauna á almenna markaðnum er 2,8 sem þýðir að laun í efstu tíund eru 180% hærrí en laun í neðstu tíund. Það má einkum rekja til þess að laun í efstu tíund eru há í hlutfalli við miðgildislaun. Munur á launum í neðstu tíund og miðgildi er ekki meiri á almenna markaðnum en á hinum opinbera.

Launadreifing er næstmest hjá ríkinu og sveitarfélögum án Reykjavíkurborgar. Þar er tíundastuðull launa á bilinu 1,8-2,1 sem þýðir að laun í efstu tíund eru um 80%-110% hærrí en laun í neðstu tíund. Launadreifing er minnst hjá Reykjavíkurborg þar sem tíundastuðull er á bilinu 1,6-1,9.

**Tafla 3.1. Tíundastuðull launa eftir mörkuðum maí 2023.**

	Alls	Almennur markaður	Ríki	Reykjavíkurborg	Sveitarfélög án RVK
Grunnlaun	2,5	2,8	2,0	1,6	1,8
Regluleg laun	2,3	2,5	1,8	1,8	2,0
Regluleg heildarlaun	2,4	2,5	2,1	1,9	2,1

### 3.6. Samsetning launa fullvinnandi eftir mörkuðum og heildarsamtökum


Samsetning reglulegra heildarlauna er mismunandi eftir hópum og vinnumörkuðum og hún getur tekið töluverðum breytingum á milli mánaða innan hópa. Rétt er að benda á að í maí 2023 var ekki búið að ganga frá öllum samningum á opinberum markaði. Þar má nefna stjórnendur í grunn- og leikskólum, tónlistarkennara og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Samanburður á samsetningu launa fullvinnandi launafólks sýnir að vægi grunnlauna í reglulegum heildarlaunum í maí 2023 er mest hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur, 87%, en minnst hjá ríkinu, 82%. Launaaukar, en þar vegur vaktaálag þyngst, vega á bilinu 6% til 11% af reglulegum heildarlaunum, mest hjá Reykjavíkurborg en minnst hjá ríkinu (sjá mynd 3.7). Yfirvinnugreiðslur eru umfangsmestar hjá ríki, 12% af reglulegum heildarlaunum, en hafa minnst vægi hjá Reykjavíkurborg, eða 5%.

<sup>18</sup> Tíundastuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli efsta tíundahluta launadreifingarinnar (90%) og neðsta tíundahlutans (10%).


Vægi grunnlauna af reglulegum heildarlaunum í maí 2023 er hlutfallslega mest á meðal félagsmanna í aðildarfélögum BHM á almenna markaðnum, 96,7%, en minnst hjá SGS á almenna markaðnum, 69,0%. Launaaukar vega þyngst hjá BSRB á almenna markaðnum en minnst hjá KÍ hjá ríkinu en þar er enginn munur á meðaltali grunnlauna og reglulegra launa. Yfirvinnugreiðslur vega mest á meðal félaga KÍ hjá ríkinu, eða 23,0% í maí 2023. Þær vega minnst hjá BSRB í Reykjavíkurborg, eða 1,8% (sjá mynd 3.8). Við samanburð á reglulegum launum á milli markaða og heildarsamtaka er gott að hafa í huga að í þeim störfum þar sem fastlaunasamningar eru algengir eða föst yfirvinna er ekki sérstaklega haldið utan um yfirvinnugreiðslur í launakerfi og eru þær greiðslur því hluti af reglulegum launum.

**Mynd 3.7. Samsetning reglulegra heildarlauna fullvinnandi í maí 2023 eftir mörkuðum (í þús. kr.).**



Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfræðinefnd.

**Mynd 3.8. Samsetning reglulegra heildarlauna fullvinnandi í maí 2023 eftir heildarsamtökum og mörkuðum, mánaðarlaun í þús. kr.**



Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfræðinefnd.

### 3.7. Kjarasamningar 2019-2022

Kjarasamningur á milli SA og stéttarféлага verslunar-, skrifstofu- og verkafólks innan ASÍ var undirritaður þann 3. apríl 2019. Samningurinn var nefndur Lífskjarasamningurinn og gildi frá apríl 2019 til nóvember 2022. Launaliður Lífskjarasamningsins kvað á um að lægstu laun hækkuðu hlutfallslega mest þar sem kauptaxtar og samningsbundin laun hækkuðu um tilteknar krónutölur.

**Tafla 3.2. Hækkun mánaðarlauna.**

	<b>Kauptaxtar</b>	<b>Almenn hækkun</b>
<b>1. apríl 2019</b>	<b>17.000</b>	<b>17.000</b>
<b>1. apríl 2020</b>	<b>24.000</b>	<b>18.000</b>
<b>1. apríl 2021</b>	<b>24.000</b>	<b>15.750</b>
<b>1. apríl 2022</b>	<b>25.000</b>	<b>17.250</b>

Mat á kostnaðarhækkunum vegna samningsins er flókið eins og gildir jafnan um krónutölusamninga. Samkvæmt mati SA, á grundvelli gagna frá Hagstofunni um launadreifingu, mátti vænta þess að laun á almennum vinnumarkaði myndu hækka að jafnaði um 16% vegna breytinga á kaupliðum samningsins, eða um 4% að jafnaði á árabílinu 2019-2022, en lægstu launataxtar hækka um allt að 34% á samningstímanum. Seðlabanki Íslands lagði áþekkt mat á samninginn.

Í samningnum var ákvæði um svokallaðan hagvaxtarauka sem var útfærður þannig að vaxi verg landsframleiðsla á mann umfram 1% að raunvirði á árunum 2019-2022 greiðist stigvaxandi launaauki á formi viðbótar krónutöluhækkana á mánaðarlaun og kauptaxta sem kom til framkvæmda 1. maí árin 2020-2023.

Kjarasamningar sem ríkið gerði við sína viðsemjendur fyrir samningstímabilið 2019 til 2023 voru í takt við lífskjarasamningana þ.e. sömu hækkunir og sjá má í töflu 3.2. Á samningstímanum hækkuðu því launatöflur annars vegar um 90 þúsund krónur á fyrsta þrep á laun undir 425 þúsund og hins vegar um 68 þúsund krónur fyrir hærri laun. Þrep héldust hlutfallslega. Hlutfallslegar hækkunir á launatöflum á samningstímanum voru því á bilinu 12,5% til 29%. Kostnaðarmat ríkisins á kjarasamningunum var 16,3%. Auk launahækkana var samið um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar. Hjá dagvinnufólki var samið um að vikulegur vinnutími styttest um 65 mínútur með möguleikum á frekari styttingu með því að stytta eða sleppa neysluhléum. Hjá vaktavinnufólki styttest vinnuvikan um fjóra klukkustundir eða niður 36 stundir auk þess sem talsverðar breytingar voru gerðar launamyndun fyrir vaktavinnu.

Kjarasamningar sem Samband íslenskra sveitarfélaga annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar gerðu á samningstímabilinu voru í takti við aðra opinbera aðila á sama tíma og fylgdu línu Lífskjarasamninganna. Á samningstímanum hækkuðu launatöflur hlutfallslega frá 13,5% upp í 28,3%. Sérstök áhersla


var lögð á hækkun lægstu launa en slíkir hópar eru stórir hjá sveitarfélögum. Þeir hópar fengu hlutfallslega mestar hækkunir hjá sveitarfélögum á samningstímanum. Reykjavíkurborg samdi um sérstaka viðbótargreiðslu fyrir lægstu launaflokkana. Í flestum kjarasamningum sambandsins sem undirritaðir voru árin 2019-2020 var kveðið á um styttingu vinnutíma um 13 mínútur á dag auk heimilda til að gera frekari breytingar á skipulagi vinnutíma með niðurfellingu neysluhléa allt að 35 mínútur á dag. Þannig mætti stytta vinnuvikuna í allt að 36 stundir. Þetta var þó mismunandi á milli hópa því útfærslur á vinnuskyldu eru ólíkar. Meginmarkmið breytinganna var að bæta vinnustaðamenningu og nýtingu vinnutíma, auka skilvirkni, bæta gæði þjónustu, tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika og stuðla þannig að bættum lífskjörum og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Einnig var lögð áhersla á endurskoðun og uppfærslu starfsmatskerfisins og samið um að fara í heildarendurskoðun á veikindakafla kjarasamninga.

Laun eftir mörkuðum þróuðust með mismunandi hætti á tímabilinu apríl 2019 til nóvember 2022. Má meðal annars rekja það til ólíkra tímasetninga kjarasamninga og launahækkana á grundvelli þeirra. Hækkunir á almennum markaði komu fyrir til framkvæmda en hjá ríki og sveitarfélögum; enda var samið fyrir við fjölmennustu hópa launafólks á almennum markaði en á hinum opinbera. Samningar á opinbera markaðnum losnuðu flestir 31. mars 2019 en ekki var gengið frá kjarasamningum á opinberum markaði fyrir en tæpu ári síðar eða í mars 2020. Samningarnir kváðu meðal annars á um tvennar kjarasamningshækkunir samtímis, vegna árána 2019 og 2020. Reglulegt tímakaup hækkaði að jafnaði mest hjá Reykjavíkurborg, eða um 10,7% frá mars 2019 til apríl 2020 og var sambærileg hækkun 8,1% hjá starfsfólki annara sveitarfélaga og 6,4% hjá starfsfólki ríkisins. Hækkun hjá Reykjavíkurborg skýrist að einhverju leyti af ofmati í reglulegt tímakaupi af tilfærslum launabátta.

Í ársbyrjun 2021 kom stytting vinnuviku hjá dagvinnufólki til framkvæmda hjá ríki og sveitarfélögum. Það leiddi til hækkunar á launavísitölu hjá ríki og sveitarfélögum. Grunntímakaup á almennum markaði hækkaði um 13,7% frá upphafi samningalotu til byrjunar árs 2021, en reglulegt tímakaup starfsfólks ríkisins hækkaði að jafnaði um 15,3% yfir sama tímabil og meira hjá sveitarfélögum eða yfir 20%.

Í janúar 2022 gætti áhrifa kjarasamningsbundinna launahækkana í vísitölu reglulegs tímakaups á öllum mörkuðum. Í apríl kom svokallaður hagvaxtarauki kjarasamninga til framkvæmda og grundvallaðist hann á því að hagvöxtur á hvern íbúa á milli árána 2020 og 2021 væri 2,53%. Í samræmi við ákvæði kjarasamninga hækkuðu launataxtar um 10.500 krónur á mánuði og mánaðarlaun almennt um 7.875 krónur og kom sú hækkun til framkvæmda á öllum mörkuðum.


**Mynd 3.9. Vísitala grunntímakaups (vinstri) og reglulegs tímakaups (hægri), breyting frá mars 2019 til nóvember 2022 (mars 2019=100).**



Á kjarasamningstímabilinu hækkaði grunntímakaup um 27,2% á heildina litið. Hækkunin var minnst á almenna markaðnum, eða 25,9%. Hjá ríkinu hækkaði grunntímakaup um 27,9%. Hækkunin var mest hjá sveitarfélögum þar sem grunntímakaup hækkaði um 35,9% hjá Reykjavíkurborg og 33,7% hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur. Mismunandi hlutfallshækkunar skýrast að hluta af því að hjá hópum þar sem launastig er lægra hafa krónutölubreytingar hlutfallslega meiri áhrif til launahækkana. Enn fremur skýrast hækkunar hjá Reykjavíkurborg að einhverju leyti af því að föst yfirvinna var færð inn í önnur laun hjá Reykjavíkurborg í byrjun árs 2021.




**Mynd 3.10. Breytingar á vísitölu grunntímakaups og reglulegs tímakaups, frá mars 2019 til nóvember 2022.**



Á vinnumarkaði mældist hækkun grunntímakaups á bilinu 23,0% fyrir KÍ hjá ríki til 49,1% fyrir ASÍ hjá ríki. Mest var hækkunin hjá félögum í ASÍ og BSRB hjá ríki og sveitarfélögum. Vinnutímastytting vó mest hjá Reykjavíkurborg en minnst á almennum markaði nema fyrir BSRB.

Mynd 3.11. *Breyting grunntímakaups mars 2019 til nóvember 2022, launahækkun og vinnutímastytting.*




Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfræðinefnd.

## 4. Laun eftir heildarsamtökum


### 4.1. ASÍ

Mynd 4.1. *Fjöldi á kjörskrár í þegar samþykktum samningum frá desember 2022 – ASÍ*




Reykjavíkurborg Ríki Almennur markaður


**Mynd 4.2. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og heildarlauna fullvinnandi hjá ASÍ í máí 2023, eftir mörkuðum.**



Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfraeðinefnd.




Mynd 4.3. Samsetning reglulegra heildarlauna fullvinnandi í ASÍ á mánuði í maí 2023, eftir mörkuðum



Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfræðinefnd.

**Mynd 4.4. Breyting grunntímakaups hjá launafólki í ASÍ frá nóvember 2022 til júlí 2023**



Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfræðinefnd.


## 4.2. BHM

Mynd 4.5. *Fjöldi á kjörskrárám í þegar samþykktum samningum frá desember 2022 - BHM*




Reykjavikurborg Ríki

Mynd 4.6. *Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og heildarlauna fullvinnandi hjá BHM í maí 2023, eftir mörkuðum*









Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfraeðinefnd.

**Mynd 4.7. Samsetning heildarlauna fullvinnandi í BHM á mánuði í maí 2023, eftir mörkuðum**



Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfræðinefnd.


Mynd 4.8. *Breyting grunntímaþaups hjá launafólki í BHM frá nóvember 2022 til júlí 2023*



Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfraeðinefnd.


### 4.3. BSRB

Mynd 4.9. *Fjöldi á kjörskrá í þegar samþykktum samningum frá desember 2022 – BSRB*




■ Sveitarfélög utan RVK ■ Reykjavíkurborg ■ Ríki ■ Almennur markaður

Mynd 4.10. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og heildarlauna fullvinnandi hjá BSRB í máí 2023, eftir mörkuðum




Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfraeðinefnd.




Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfræðinefnd.

Mynd 4.11. Samsetning heildarlauna fullvinnandi í BSRB á mánuði í maí 2023, eftir mörkuðum.



Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfræðinefnd.

**Mynd 4.12. Breyting grunntímaþaups hjá launafólki í BSRB frá nóvember 2022 til júlí 2023**



Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfræðinefnd.


#### 4.4. KÍ

Mynd 4.13. Fjöldi á kjörskrám í þegar samþykktum samningum frá desember 2022 - KÍ

300




Mynd 4.14. Dreifing grunnlauna, reglulegra launa og heildarlauna fullvinnandi hjá KÍ í maí 2023, eftir mörkuðum






Mynd 4.15. Samsetning heildarlauna fullvinnandi í KÍ á mánuði í maí 2023, eftir mörkuðum.



Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfraeðinefnd.

**Mynd 4.16. Breyting grunntímakaups hjá launafólki í KÍ frá nóvember 2022 til júlí 2023**



Sérvinnsla frá Hagstofunni fyrir Kjaratölfræðinefnd.



## Viðauki I

### Gögn um laun og launaþróun

Kjaratölfræðinefnd byggir umfjöllun sína á sérvinnslu launagagna þar sem tekið er mið af aðferðum og skilgreiningum Hagstofunnar við gerð opinberrar launatölfræði. Sem fyrr miðast þó launabreytingar við grunntímakaup, en launavísitala Hagstofunnar byggir á reglulegu tímakaupi. Gögn yfir launastig taka einungis til fullvinnandi en launaþróun tekur til launaupplýsinga fullvinnandi og í hlutastarfi. Nefndin birtir sundurliðun eftir samtökum og vinnumörkuðum sem er meira niðurbrot en í opinberri launatölfræði. Þessar áherslur eru í samræmi við það meginhlutverk nefndarinnar að styðja aðila vinnumarkaðarins við undirbúning kjarasamninga og mat á áhrifum þeirra.

Vinnumarkaðnum er skipt í fernt: Almennan markað, ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög. Niðurstöður eru sýndar fyrir fjögur heildarsamtök launafólks á hverjum þessara markaða; Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Bandalag háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasamband Íslands (KÍ). Niðurstöður um Alþýðusamband Íslands á almennum vinnumarkaði nær til félagsfólk innan Starfsgreinasambandsins ásamt Eflingu (SGS), Landssambands íslenskra verzlunarmanna (LÍV) og félagsfólk stéttarfélaganna iðnaðarmanna innan ASÍ (ASÍ-iðnfélög). ASÍ-iðnfélög eru samböndin og félögin Samiðn, Rafiðnaðarsamband Íslands, VM og MATVÍS. Jafnframt eru birtar niðurstöður fyrir þessa þrjá stóru hópa á almennum vinnumarkaði, þ.e.a.s. SGS, LÍV og ASÍ-iðnfélög.

Meginviðsemjendur stéttarfélaganna eru Samtök atvinnulífsins (SA), Samband íslenskra sveitarfélaganna (Sveitarfélög utan Rvk.), Reykjavíkurborg og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins (Ríki). Aðildarfélag ASÍ, BSRB, BHM og KÍ gera kjarasamninga við alla fulltrúa launagreiðenda, en vægi þeirra er mjög mismunandi. Í skýrslunni eru ekki birtar upplýsingar um félagsmenn aðildarfélaganna KÍ á almennum vinnumarkaði, en þeir eru fáir og er ekki að finna í launagögnum Hagstofu Íslands. Þá nær gagnasafnið ekki heldur til sjómanna. Launagögn byggja á launarannsókn Hagstofunnar þar sem upplýsingum er safnað mánaðarlega með úrtaki fyrirtækja, sveitarfélaganna og stofnana með tíu eða fleira starfsfólk. Rannsóknin

nær til stærsta hluta vinnumarkaðar, eða um 85% af heildarfjölda launafólks, þó enn séu atvinnugreinar utan rannsóknar. Nánari upplýsingar um rannsóknin má finna hér (sjá bls. 11-22).

Gögn Hagstofu Íslands ná þannig einnig til félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka og launafólks sem stendur utan stéttarféлага. Kjaratölfræðinefnd er skipuð stærstu samningsaðilum vinnumarkaðar sem endurspeglar umfjöllunina. Gögn fyrir alla hópa, einnig þá sem standa utan heildarsamtaka og utan stéttarféлага, eru birt á vef Kjaratölfræðinefndar (<https://www.ktn.is/gagnasafn-og-fleira>).

Samanburður á launabreytingum nær yfir tímabilið frá nóvember 2022 til júlí 2023 en einnig er fjallað um fyrri kjarasamningslotu frá mars 2019 til júní 2022. Fyrri tímapunkturinn er mánuðurinn áður en flestir kjarasamningar í samningalotunni tóku gildi. Sá síðari miðast við nýjustu fyrirbyggjandi gögn Hagstofunnar eftir þeirri sundurliðun sem hér er byggð á. Umfjöllun um launastig byggir á meðaltali maí mánaðar 2023.

Hugtökin grunnlaun, regluleg laun og regluleg heildarlaun fullvinnandi eru notað til að sýna meðaltal launastigs í maí 2023 eftir heildarsamtökum og mörkuðum. Rétt er að hafa í huga að ekki er víst að sá mánuður sé dæmigerður hvað yfirvinnu varðar. Kjaratölfræðinefnd fjallar um heildarlaun í vorskýrslu sinni þar sem þá er hægt að byggja á öllu síðastliðnu ári til þess að draga úr áhrifum ýmiss konar sveiflna, s.s. árstíðabundinnar yfirvinnu og ýmissa aukagreiðslna.

## Viðauki II

### Skilgreining helstu launa- og tekjuhugtaka

Fullvinnandi er sá sem fær greidd laun fyrir vinnustundir (þ.e. fyrir dagvinnu og vaktavinnu) sem eru a.m.k. 90% af mánaðarlegri dagvinnuskyldu. Einstaklingur sem ekki nær 90% lágmarkinu telst vera í hlutastarfi. Dagvinnuskylda getur verið mismunandi eftir kjarasamningum.

Grunnlaun eru greidd dagvinnulaun fyrir umsaminn vinnutíma án launaauka. Grunn tímakaup eru dagvinnulaun á hverja greidda stund, án launaauka.

Í þeim tilfellum sem launafólk hefur gert fastlaunasamninga eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfum, þar sem ekki er haldið utan um yfirvinnugreiðslur eða aðrar launagreiðslur í slíkum samningum. Fastlaunasamningar finnast í öllum starfsstéttum en eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum.

Regluleg laun eru greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru umreiknuð í fullt starf ef greiddar stundir í dagvinnu eða vaktavinnu eru lægri en dagvinnuskylda. Meðtaldar í þessum launum eru hvers konar launaaukar, án tilfallandi yfirvinnu, sem gerð er upp á hverju útborgunartímabili.

Við útreikninga er hvorki tekið tillit til uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna né annarra óreglulegra greiðslna. Reglulegt tímakaup eru regluleg laun (hvort sem er dagvinna eða vaktavinna) á hverja greidda stund.

Við samanburð á reglulegum launum milli hópa þarf að hafa í huga að í störfum þar sem fastlaunasamningar eru algengir eða föst yfirvinna, þá er ekki sérstaklega haldið utan um yfirvinnugreiðslur. Í þeim tilfellum sem launafólk hefur gert fastlaunasamninga eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfum og eru þær greiðslur því hluti af reglulegu launum. Fastlaunasamningar finnast í öllum starfsstéttum en eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum.

Hugtakið Launaauki er ný skilgreining Kjaratölfræðinefndar á ýmsum álagsgreiðslum og bónusum sem gerðir eru upp á hverju útborgunartímabili, oftast mánaðarlega. Vaktaálag og afkastahvetjandi bónusar eru hluti þeirra fjölmörgu launaliða sem

valda því að munur er á grunnlaunum og reglulegum launum. Umfangsmest í launaauka eru vaktaálagsgreiðslur. Í fyrri skýrslum, og í skilgreiningum Hagstofu, er munur grunn- og reglulegra launa skilgreindur sem álag og bónusar

Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum tilfallandi yfirvinnulaunum. Ekki er tekið tillit til uppgjörs vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.

Heildarlaun eru regluleg heildarlaun að viðbættu uppgjóri vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.